

## EFNISTAKA ÚR UNDIRHLÍÐUM

Svör við umsögnum og  
athugasemdum við matsáætlun

Nóvember 2024



24128

[https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint\\_30/Project2708/Documents/Umsagnir/Matsáætlun/MÁU\\_Undirhlíðar-svör-umsagnir.docx](https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_30/Project2708/Documents/Umsagnir/Matsáætlun/MÁU_Undirhlíðar-svör-umsagnir.docx)

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	22.11.2024	HFK	EBA/HH	EBA

**Unnið af:**

VSÓ Ráðgjöf

Borgartúni 20, 105 Reykjavík

[www.vso.is](http://www.vso.is)

**Unnið fyrir:**



Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær

Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>Listi yfir umsagnir og athugasemdir</b>	<b>1</b>
<b>3</b>	<b>Umsagnir og viðbrögð framkvæmdaaðila</b>	<b>2</b>
	Staðhættir, skipulag og leyfi – kafli 3	2
	Framkvæmdalýsing – kafli 4	2
	Valkostir – kafli 5	3
	Matsspurningar og rannsóknáætlun – kafli 7	3
	Vatnafar – kafli 7.1	4
	Jarðminjar – kafli 7.2	5
	Samgöngur – kafli 7.6	7
	Fornleifar - kafli 7.7	8
	Hljóðvist – kafli 7.8	8

## 1 Inngangur

Áformað er að hefja að nýju efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði, sunnan Bláfjallavegar (Leiðarendavegar). Kynningartími matsáætlunar var frá 4. október til 4. nóvember 2024. Alls bárust 6 umsagnir frá lögboðnum umsagnaraðilum. Hér er gerð grein fyrir umsögnum og athugasemdum sem bárust og viðbrögðum framkvæmdaaðila við þeim. Umsagnir eru flokkaðar eftir viðfangsefnum í umhverfismatskýrslu sem var til umsagnar. Í einhverjum tilvikum hafa umsagnir verið umorðaðar eða stokkaðar upp til að draga saman helstu atriðin. Hægt er að sjá umsagnirnar í heild sinni inni á Skipulagsgátt.

Hafnarfjarðarbær þakkar öllum fyrir innsendar umsagnir og athugasemdir.

## 2 Listi yfir umsagnir og athugasemdir

Lögboðnir umsagnaraðilar	Dags. umsagnar
Hafnarfjarðarbær	18.11.2024
Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness	4.11.2024
Minjastofnun Íslands	4.11.2024
Náttúrufræðistofnun Íslands	4.11.2024
Umhverfisstofnun	1.11.2024
Vegagerðin - höfuðborgarsvæðið	5.11.2024

### 3 Umsagnir og viðbrögð framkvæmdaaðila

Umsagnir eru flokkaðar eftir viðfangsefni matsáætlunar. Kaflanúmer í millifyrirsögnum vísa til viðeigandi kafla í matsáætlun. Köflum í matsáætlun er sleppt hér að neðan ef engar umsagnir fjalla um viðfangsefni þeirra.

Umsagnaraðili	Athugasemd	Viðbrögð
<b>Staðhættir, skipulag og leyfi – kafli 3</b>		
Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness	Þá er rétt að vekja athygli á að allar framkvæmdir á svæðinu eru háðar starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Í kafla 3.3 um leyfi sem framkvæmdin er háð, vantar að gera grein fyrir þeim leyfum sem heilbrigðisnefnd er ábyrg fyrir samkvæmt samþykkt nr. 555/2015. Þá er geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum óheimil nema það sé tiltekið í starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Gera þarf áhættumat er nær bæði til framkvæmda og reksturs og jafnframt þarf að hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun að vera til fyrir svæðið.	Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeim leyfum sem framkvæmdin er háð. Þar verður bætt við þeim leyfum sem heilbrigðisnefnd er ábyrg fyrir samkvæmt samþykkt nr. 555/2015. Unnið er að gerð áhættumats fyrir vatnsvernd vegna framkvæmdarinnar. Þar er greint frá takmörkunum.
Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og í henni kemur fram flest það sem nauðsynlegt er að fjalla um. Stofnunin bendir þó á mikilvægi þess að gerð sé grein fyrir náttúruvá er varðar jarðskjálfta og eldvirkni í eða í nágrenni við Undirhlíðar. Nýleg skýrsla Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands frá 2021 um náttúruvá á framkvæmdasvæði Lyklafellslínu gerir allgóða grein fyrir náttúruvá við Undirhlíðar.	Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir náttúruvá á svæðinu. Notast verður við fyrirliggjandi gögn, m.a. skýrslu Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands frá 2021 um náttúruvá á framkvæmdasvæði Lyklafellslínu.
Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að tekið sé tillit til úrskurðar Skipulagsstofnunar frá árinu 2004 og gerð sé grein fyrir þeim skilyrðum sem þar eru sett fram varðandi grunnvatn og áætlun um efnistöku.	Við gerð umhverfismatsskýrslu verður horft til úrskurðar Skipulagsstofnunar frá árinu 2004 og gerð grein fyrir skilyrðum stofnunarinnar þar sem það á við, en tekið verður mið af því að lagaumhverfi umhverfismats hefur breyst á þessum tíma og framkvæmd og aðstæður gætu hafa breyst síðan fyrra umhverfismat var unnið.
<b>Framkvæmdalýsing – kafli 4</b>		
Náttúrufræðistofnun	Ekki kemur skýrt fram í matsáætlun hversu mikið efni er áætlað að vinna úr Undirhlíðum en samkvæmt úttekt Alta ráðgjafastofu, frá árinu 2002, er gróflega áætlað að á efnistökusvæðinu sunnan Bláfjallavegar séu um 5-6,5 milljón m <sup>3</sup> af föstu efni. Fyrirhuguð efnistaka í Undirhlíðum miðar að mestu við vinnslu í bólstrabergi, en samkvæmt úttekt Alta er það efni nær eingöngu að finna á	Í matsáætlun er greint frá því að í umhverfismatsskýrslu verði lagt mat á hámarksefnistöku á svæðinu sunnan Bláfjallavegar (Leiðarendavegar). Samkvæmt skýrslu Alta má varlega áætla að faíst mest um 4,8 til 5,8 milljónir m <sup>3</sup> af föstu efni. Umfang efnistöku, þ.e. afmörkun og magn, mun taka mið af niðurstöðum umhverfismatsins

	svæði A (kort 5), næst Bláfjallavegi, ásamt jökulbergi. Þar fyrir sunnan er þykkur jarðvegur, móbergshella og gjallkargi ríkjandi.	þar sem leitast verður við að draga sem kostur er úr áhrifum á umhverfið.
<b>Valkostir – kafli 5</b>		
Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness	Heilbrigðiseftirlitið hvetur til þess að við umhverfismatið verði horft til fleiri valkosta s.s. námuvinnslu utan verndarsvæða vatnsbóla.	Mat á efnistöku á öðrum stöðum innan Hafnarfjarðarbæjar falla ekki að markmiðum framkvæmdar, sem er að hefja efnistöku bólstrabergs að nýju úr Undirhlíðum, innan sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir áhættumati vegna staðsetningar framkvæmdar innan fjarsvæðis vatnsverndar. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif mismunandi valkosta, þ.e. annars vegar áhrif framkvæmda ef vegurinn sem liggur um svæðið yrði færður og hins vegar áhrif framkvæmda ef vegurinn yrði ekki færður. Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á hámarksefnistöku á svæðinu sunnan Bláfjallavegar (Leiðarendavegar). Umfang efnistöku, þ.e. afmörkun og magn, mun taka mið af niðurstöðum umhverfismatsins þar sem leitast verður við að draga úr áhrifum á umhverfið eftir því sem kostur er.
Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun tekur almennt undir þá skoðun að efnistaka sé á fáum en vel skipulögðum svæðum. Í því sambandi vill stofnunin benda á efnistöku í Háuhnúkum við Vatnsskarð (Vatnsskarðsnáma) sem er í um 3 km fjarlægð suðvestan við Bláfjallaveg. Vatnsskarðsnáma hefur farið stækkandi á síðustu árum og ætti að meta þann kost fyrir efnispörf þrátt fyrir að náman sé innan sveitarfélagsmarka Grindavíkurbæjar og hlífa þannig Undirhlíðum sunnan við Bláfjallaveg við frekara raski. Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.	Mat á efnistöku á öðrum stöðum innan Hafnarfjarðarbæjar falla ekki að markmiðum framkvæmdar, sem er að hefja efnistöku bólstrabergs að nýju úr Undirhlíðum, innan sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar. Engar námur eru í notkun í Hafnarfirði um þessar mundir. Töluverð uppbygging íbúða er áætluð í Hafnarfjarðarbæ og er efnistaka bólstrabergs mikilvæg fyrir slíka uppbyggingu.
<b>Matsspurningar og rannsóknáætlun – kafli 7</b>		
Hafnarfjörður	Það er mat Hafnarfjarðarbæjar að matsáætlunin, sem unnin er af VSÓ ráðgjöf sé ítarleg og gefi góða mynd af hvernig staðið verði að mati á umhverfisáhrifum og helstu áherslupáttum. Jafnframt er í áætluninni ágætlega gert grein fyrir rannsóknum og gögnum sem aflað verður til að leggja mat á umhverfisáhrif valkosta. Reyndar er Hafnarfjarðarhöfn nefnd þarna á nokkrum stöðum, en hún er ekki aðili máls í þessari matsáætlun né í umhverfismatinu sjálfu.	Umsögn krefst ekki viðbragða. Upplýsingar um framkvæmdaraðila verða lagfærðar í umhverfismatsskýrslu.

## Vatnafar – kafli 7.1

<p>Umhverfisstofnun</p>	<p>Í greinargerð er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027 og það grunnvatnshlot sem framkvæmdin nær til. Mikilvægt er að fjallað sé um hverjir séu þeir þættir sem geta haft áhrif á grunnvatnið.</p> <p>Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála. Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.</li> <li>• Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðabætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðabættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.</li> <li>• Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.</li> <li>• Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki.</li> <li>• Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri. sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.</li> </ul> <p>Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmda á vatnshlot í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Fjallað verður um þessi atriði sem Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni.</p>
<p>Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar,</p>	<p>Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir áætlunina og gerir ekki athugasemdir við þá þætti sem rýndir verða. Þó er rétt að geta þess að frá fyrra umhverfismati frá 2004 hefur verið unnin samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan</p>	<p>Yfir stendur vinna við gerð áhættumats vegna staðsetningar framkvæmdar innan fjarsvæðis vatnsverndar. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum áhættumats í umhverfismatsskýrslu.</p>

<p>Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness</p>	<p>lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar (555/2015). Fyrirhuguð efnistaka úr Undirhlíðum er á fjarsvæði vatnsverndarsvæðisins. Fjarsvæði er aðal ákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Því verður öll landnotkun að falla að forsendum vatnsverndar. Í vatnsverndarsamþykktinni er gerð grein fyrir forsendum við hönnun og uppbyggingu nýrra og eldri vega á fjarsvæði, skuli umferðaröryggi og mengunarvarmir lagðar til grundvallar. Öll starfsemi og framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og skal rekstraradili sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðli hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu og að engin hætta sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs.</p>	
<p>Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness</p>	<p>Í matslýsingu er farið yfir þær matsspurningar sem varða þau áhrif á grunnvatnshlot sem námuvinnsla í Undirhlíðum hefur í för með sér. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála er grunnvatn skilgreint á eftirfarandi hátt: vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eð rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Skilgreiningin nær því yfir bæði ferskt kalt grunnvatn, jarðsjó, kaldar ölkeldur og heitt grunnvatn. Mikil lekt jarðlaga gerir það jafnframt að verkum að mengandi efni eiga oft greiðan aðgang niður í grunnvatn. Aðstæður á Íslandi eru því á margan hátt ólíkar því sem gerist í Evrópu og því er mikilvægt að meta áhrif framkvæmda/starfsemi á grunnvatnshlot. Strangar reglur gilda um losun mengandi efna í grunnvatn, enda getur mengun í grunnvatn reynst mönnum hættuleg og erfitt að koma ástandi í betra horf þegar mengandi efni hafa borist í grunnvatn. Gera þarf grein fyrir öllum mengandi efnum sem geta borist grunnvatnshlotið vegna fyrirhugaðra framkvæmda við námuvinnslu í Undirhlíðum. Ef niðurstaða áhrifamats er með þeim hætti að fyrirhuguð framkvæmd mun líklega valda því að umhverfismarkmið vatnshlots náist ekki þrátt fyrir mótvægisáðgerðir eða breytingar á starfseminni, þá er starfsemin háð heimild Umhverfisstofnunar um leyfi til breytingar vatnshlots skv. 18. gr. laga nr.36/2011 um stjórn vatnamála.</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmda á vatnshlot í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Yfir stendur vinna við gerð áhættumats vegna staðsetningar framkvæmdar innan fjarsvæðis vatnsverndar. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum áhættumats í umhverfismatsskýrslu og hvaða skilyrði eru sett fyrir framkvæmdina.</p>
<p><b>Jarðminjar – kafli 7.2</b></p>		
<p>Umhverfisstofnun</p>	<p>Í greinargerð kemur fram að Kapelluhraun og Skúlatúnshraun eru eldhraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í námunda við framkvæmdarsvæðið eru klepra- og gjallgígar sem sömuleiðis njóta sérstakrar verndar. Framkvæmdarsvæðið er ekki á</p>	<p>Í matsáætlun er greint frá því að Kapelluhraun liggja upp að móbergshryggnum vestanverðum og að Skúlatúnshraun liggja að móbergshryggnum austanverðum að hluta. Kapelluhraun og Skúlatúnshraun eru eldhraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt</p>



	<p>eldhrauni og ekki er talið að komi til rasks á þessum jarðminjum við efnistöku úr Undirhlíðum.</p> <p>Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruferibæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.</p> <p>Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í umhverfismatinu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.</p> <p>Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvinnjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.</p> <p>Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.</p> <p>Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruferibæri sem verða fyrir röskun.</p> <p>Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt</p>	<p>61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Framkvæmdarsvæðið sjálft er ekki á eldhrauni og ekki er talið að komi til rasks á þessum jarðminjum við efnistöku úr Undirhlíðum.</p> <p>Í umhverfismatskýrslu verður gerð frekari grein fyrir áhrifum framkvæmda á jarðminjar og lagðar til mótvægisáðgerðir þar sem þörf er talin á.</p> <p>Sótt verður um tilskyld leyfi fyrir framkvæmdinni, þar með talið framkvæmdaleyfi. Þar verður greint frá brýnni nauðsyn ef framkvæmdin er talin fela í sér rask á svæðum sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.</p>
--	--	---

	til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.	
<b>Samgöngur – kafli 7.6</b>		
Vegagerðin	<p>Í matsáætluninni er vísað til eldra umhverfismats um efnistöku úr námu í Undirhlíðum sem unnið var 2004. Í því umhverfismati er gert ráð að lagður verði nýr vegur að námunni í samræmi við tillögur Vegagerðarinnar, m.a. til að tryggja umferðaröryggi vegna mikils bratta. Í framlagðri matsáætlun er ekki tekin afstaða til hvort vegurinn verði færður í nýja veglínu og vísað er til að samráð verði haft við Vegagerðarinnar. Forsendur hafa breyst frá tillögum í umhverfismatinu 2004, þar sem vegurinn sem áður bar nafnið Bláfjallavegur hefur verið skipt í tvo ótengda hluta. Sá hluti sem liggur frá Krýsuvíkurvegi kallast Leiðarendavegur, en núverandi Bláfjallavegur liggur frá Suðurlandsvegi að skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Umferð um Leiðarendaveg er lítil og ekki er vetrarþjónusta á veginum.</p> <p>Vegagerðin tekur ekki afstöðu til tillagnanna á þessu stigi, t.a.m. þörf á nýrri legu vegar og óskar eftir nánari kynningu á tillögnum. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að í umhverfismatsskýrslu sé lagt mat á áhrif efnisflutninganna á Leiðarendaveg og Krýsuvíkurveg. Í matsáætlun kemur fram að til standi að leggja mat á hámarksefnistöku á svæðinu og verða niðurstöður umhverfismatsins nýttar til þess að leggja til hversu mikið magn verður tekið úr námunni. Ekki kemur fram hvar efnið verður nýtt, svo að akstursleið efnisflutninganna liggur ekki fyrir.</p> <p>Vegagerðin bendir á að í ljósi fyrirhugaðrar efnistöku og mögulegra áhrifa þungaumferðar á þjóðvegi, að kostnaður tengdur framkvæmdunum fellur framkvæmdaraðila, t.a.m. styrkingar og breikkanir á vegum og breytingar á vegamótum. Vegagerðin skal hafa yfirumsjón með slíkum breytingum á vegakerfinu. Lagfæringar vegna mögulegs tjóns á innviðum Vegagerðarinnar sem verður af efnisflutningum, verður á kostnað framkvæmdaraðila.</p>	<p>Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmda út frá tveimur valkostum, þ.e. annars vegar áhrif framkvæmda ef vegurinn yrði færður og hins vegar áhrif framkvæmda ef vegurinn yrði ekki færður. Hafnarfjarðarbær mun eiga frekara samtal við Vegagerðina um tillögurnar í umhverfismatsferlinu. Niðurstaða umhverfismatsins verður m.a. nýtt til grundvallar í samtalinu við Vegagerðina um framhaldið.</p>
Vegagerðin	<p>Þörf er á því að meta burðarþol Leiðarendavegar og Krýsuvíkurvegar m.t.t. fyrirhugaðra þungaflutninga, auk greininga á umferðaröryggi. Til að slíkt sé mögulegt þarf að liggja fyrir yfirlit yfir fjölda farartækja, hversu tíðar ferðirnar verða og dreifingu yfir daga og sólarhringa. Enn fremur er æskilegt að greina umferðarstrauma frá námunni til helstu notenda eða hafnar og mat á áhrif á helstu þjóðvegi sem flutningarnir mun fara um.</p>	<p>Hafnarfjarðarbær er framkvæmdaraðili en mun leigja vinnsluréttindi til verktaka. Þar sem ekki liggur fyrir hvaða aðilar munu vinna efni úr Undirhlíðum, liggur ekki fyrir nákvæmlega hvert efnið úr Undirhlíðum verður flutt. Líklega yrði það þó að mestu leyti flutt í Hafnarfjörð og/eða á höfuðborgarsvæðið. Í umhverfismatsskýrslu verður gert grein fyrir áætluðu umfangi efnisflutninga frá námunni. Áhersla verður á að leggja mat á áhrif efnisflutninganna á Bláfjallaveg (Leiðarendaveg) og Krýsuvíkurveg þar sem ekki liggur fyrir hvert nákvæmlega efnið verður flutt.</p>

## Fornleifar - kafli 7.7

<p>Minjastofnun Íslands</p>	<p>Í matsáætluninni, kafla 7.7, bls. 18, er fjallað um fortleifar og hvernig ætlunin er að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á menningarminjar í matskýrslu. Tvær fortleifaskráningar liggja fyrir á svæðinu. Sú eldri var unnin af Bjarna F. Einarssyni vegna deiliskipulagsgerðar í Undirhlíðum og gefin út árið 2017, Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Undirhlíðum, Hafnarfirði. Sú seinni var gefin út árið 2021 af Byggðasafni Hafnarfjarðar; Atli Rúnarsson: Fornleifaskrá Hafnarfjarðar IX. Kaldársel og nágrenni og tekur hún yfir umrætt efnistökusvæði. Skrár þessar eru fullnægjandi fyrir vinnu matsáætlunar.</p> <p>Á svæðinu er að finna vörður og fornar götur (Undirhlíðaveg og Dalaleið) auk hleðslu (nr. 2662-97). Gert er ráð fyrir að áhrifasvæði framkvæmdanna verði fært inn á kort/loftmyndagrunn ásamt útlínunum fortleifa og er það mikilvægt svo gera megi glögga grein fyrir hugsanlegum áhrifum framkvæmda á þær.</p> <p>Stofnunin telur umfjöllun um menningarminjar greinargóða. Rétt er þó að undirstrika hér að gamlar götur og vörður eru vitnisburður um fornar leiðir og hafa þær gildi sem minjaheildir. Leiðir þessar eru vinsælar til göngu og útivistar. Auk beinna áhrifa á fortleifar gæti framkvæmdin þannig einnig haft sjónræn áhrif á menningarlandslagið og upplifunargildi svæðisins. Mikilvægt er að tillit verði tekið til þess við frekara skipulag efnistöku á svæðinu.</p> <p>Að öðru leyti hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við matsáætlunina.</p>	<p>Í umhverfismatskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmda á fortleifar og útivist og ferðaþjónustu.</p>
-----------------------------	--	---

## Hljóðvist – kafli 7.8

<p>Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness</p>	<p>Í lýsingunni er fjallað um áhrif framkvæmdanna á hljóðvist einkum vegna efnisflutninga og hávaða frá vinnuvélum á framkvæmdasvæðinu. Núverandi byggð er kominn miklu nær svæðinu en á fyrri tíma námunnar og mikilvægt að í skýrslunni verði lagt mat á áhrif starfseminnar á núverandi íbúðabyggð með tilliti til hávaða og einnig vegna efnisflutninga. Þá er mikilvægt að gerð sé grein fyrir áhrifum hávaða á útivist í nágrenni námunnar og hvaða mótvægisáðgerðir eru mögulegar til að takmarka áhrif námuvinnslu á útivist og nýtingu á fólkvangnum.</p>	<p>Skv. matsáætlun verður í umhverfismatskýrslu m.a. lagt mat á hvort gildin fyrir hljóðvist munu vera innan viðmiðunarmarka samanber reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, með hvaða hætti sprengingar vegna efnistöku munu fara fram og hvaða áhrif þær kunna að hafa í för með sér varðandi hljóðvist og titring.</p> <p>Í umhverfismatskýrslu verður lagt mat á áhrif efnistöku á útivist og nýtingu á fólkvanginum og greint frá mögulegum mótvægisáðgerðum.</p>
---	--	---